

Skinney-Pinganes hf.  
Krossey  
780 Höfn í Hornafirði

Egilsstaðir, 5.2.2025  
UST202402-105/F.Æ.  
08.10.02

## Efni: Samþykkt úrbótaáætlun vegna frávika í eftirliti

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 8. janúar 2025, þar sem óskað var eftir tímasettri áætlun um úrbætur á eldra fráviki sem ekki hafði verið lokað þegar eftirlit fór fram þann 6. nóvember 2024. Fyrri úrbótaáætlun gerði ráð fyrir að úrbótum yrði lokið fyrir 31. desember 2024. Þann 29. janúar 2025 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

### Frávikið er eftirfarandi:

1. Gr. 3.3 í starfsleyfi. Efnageymsla og þró sem er tengd henni, uppfylla ekki kröfur sem eru gerðar í efnalögum.

**Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila sem gerir ráð fyrir að úrbótum verði lokið í byrjun maí 2025 en úrbætur vegna fráviksins verða teknar út í næsta eftirliti Umhverfisstofnunar.**

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Freyr Ævarsson  
sérfræðingur

Frigg Thorlacius  
lögfræðingur